

Ágrip

Þrátt fyrir ýmis gæðakerfi og gæðastaðla sem snúa að gæðum æðri menntunar þá er síður en svo ljóst til hvers er vísað þegar rætt er um gæði háskólanáms. Fræðimenn hafa gert ýmsar tilraunir til að kortleggja þætti gæða æðri menntunar og er oft vísað til tvískiptingar í því sambandi. Annars vegar ytri gæða þar sem nám hefur alþjóðleg gæðaviðmið að leiðarljósi. Hins vegar innri gæða sem byggja á stofnaviðmiðum, sem vísa meðal annars til kennslufræðilegra þátta og hæfni kennara í kennslu, krafna um tæknivæðingu og lýðræðislegra starfshátta þar sem háskólastúdentar hafa tækifæri til að láta rödd sína heyrast. Á allra síðustu árum hefur hugtakið gæðamenning (e. quality culture) rutt sér til rúms í umfjöllun um gæði í háskólastarfi. Þrátt fyrir slíka gæðaviðmið, er skilningur hagaðila á í hverju gæði háskólanáms felast mismunandi og aðstæðubundin. Í rannsókninni *Samstarf kennara og nemenda um aukin gæði náms og kennslu* sem höfundur ásamt samstarfsfólki stóð að og styrkt var af Kennslumálasjóði árið 2020, var leitað eftir viðhorfum stjórnenda, kennara og nemenda við eina einingu íslensks háskóla til þess hvað felst í gæðum náms og kennslu. Tekin voru einstaklingsviðtöl við fjóra stjórnendur, viðtöl við tvo rýnihópa með alls níu kennurum og fjóra rýnihópa með alls 15 nemendum. Í niðurstöðum kom fram að allir hópar viðmælenda töldu mikilvægan gæðapátt háskólanáms, að nemendur öðlist með því þekkingu sem bæði er hagnýt fyrir starfsvettvang en einnig samfélagið. Jafnframt voru hóparnir sammála um að kröfur í náminu þyrftu að vera skýrar. Nemendur lögðu sérstaka áherslu á að upplýsingar um námskeið, fyrirkomulag þeirra og kröfur þyrftu að vera ítarlegar. Kennarar ræddu sérstaklega að ekki mætti gefa afslátt af kröfum til þess að tryggja gæði en hluti þeirra taldi sig þurfa að aðlaga námið og koma til móts við breytta stöðu nemenda sem oft á tíðum ynnu mikið með náminu. Þá töldu viðmælendur að vönduð vinnubrögð í námi og kennslu væru hluti gæðaviðmiða. Nemendur nefndu nútímalega kennsluhætti en stjórnendur og kennarar vísuðu til vaxandi kröfu og stuðning við að tileinka sér tækninýjungar og nýjar kennslufræðiáherslur. Kennarar lögðu sérstaka áherslu á að gæðanám væri umbreytandi ferli fyrir nemendur og að námið væri ekki neysluvara. Allir töldu góð samskipti nemenda og kennara hluta af gæðamenningu háskóla.

Viðmælendur nefndu nokkra meginþætti sem hlúa þyrfti að í starfi háskóla til að auka gæði háskólanáms og viðhalda þeim. Sífelld þurfi að vinna að þróun náms og umbótum í samræmi við nýjustu þekkingu á hverjum tíma. Einnig þurfi að leggja áherslu á öflugt námssamfélag þar sem stutt er við virka þátttöku og samstarf kennara, nemenda og stjórnenda. Stjórnendur og kennarar bentu þó á að oft væri snúið að fá nemendur til virkrar þátttöku bæði í náminu og þróun þess en að ákveðinn hópur nemenda væri þó duglegur að láta rödd sína heyrast. Nemendurnir sem rætt var við sögðust upplifa vilja til þess að fá nemendur til samstarfs og að á þau væri hlustað. Í fyrirlestrinum verða niðurstöður ræddar frekar og þær settar í samhengi við þekkingu á fræðasviðinu.